

Svalbarðsstrandarhreppur  
Ráðhúsinu  
601 Akureyri

Reykjavík 17. september 2018  
UST201807-167/A.B.  
10.04.03

**Efni:** Deiliskipulag – Heiðarholt í Svalbarðsstrandarhreppur.

Vísað er til erindis sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps er barst 24. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi vegna íbúðarsvæðis í landi Heiðarholts í Svalbarðsstrandarhreppi.

Í greinargerð kemur fram að tillagan felur í sér að skilgreindur er landnotkunarreitur fyrir íbúðarsvæðis í landi Heiðarholts.

Stofnunin bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram í gr.5.3.2.14., skipulag við vötn ár og sjó. „*Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.*“

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé nægt rými meðfram strandlengjunni, svo að útivistargildi skerðist ekki.


Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að umhverfinu. Einnig bendir stofnunin á umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landskipulagstefnu en þar segi: „*Skipulag landnotkunar stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.*“

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri tillögu að öðru leyti, gerð grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur